



Grein birt 31. desember 2010

Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir

Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku

Góður orðaforði er forsenda lesskilnings og velgengni í skóla. Erlendar rannsóknir sýna mikinn einstaklingsmun á orðaforða jafnaldra barna og að börn með annað móðurmál en ríkir í skólanum hafa gjarnan minni orðaforða en önnur börn. Til að kanna íslenskan orðaforða barna með annað móðurmál en íslensku var orðaforða-próf lagt fyrir 174 börn í fyrstu bekkjum grunnskóla. Niðurstöður sýndu marktækan vöxt með aldri og enn meiri eftir dvalartíma á Íslandi. Fyrsti bekkur skoraði lægra en eldri bekkirnir en enginn munur var á 2.–4. bekk. Enginn munur var á börnum með dvalartíma á bilinu tvö til sjö ár. Meðalskor barna með annað móðurmál en íslensku var lægra í öllum aldurshópum en meðalskor íslenskra barna í 1. bekk. Börn með austur-evrópsk móðurmál skoruðu hærra en börn með móðurmál töluð utan Evrópu. Fjöldi sérstakra kennslustunda í íslensku hafði ekki áhrif.

Sigríður Ólafsdóttir er doktorsnemi og Hrafnhildur Ragnarsdóttir er prófessor. Þær starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

The Icelandic vocabulary of primary school pupils
whose first language is other than Icelandic

Vocabulary is linked to reading comprehension and highly correlated with academic achievement. Vocabulary size varies greatly between individuals already at an early age, and the gap tends to grow every year. Research suggests that second language learners often experience difficulties at school mainly because of limited vocabulary. This study examined the Icelandic vocabulary of 174 children in 1st through 4th grade whose first language was other than Icelandic. Total scores increased significantly with age and even more with duration of residence in the country. The increase in total scores between 2nd through 4th grade and residence from two years up to seven years was however not statistically significant. L2 children in all age groups scored significantly lower than 1st grade L1 Icelandic children. Children from Eastern Europe scored higher than children whose first language was not European. The relation between vocabulary scores and number of Icelandic lessons per week was not significant.

Inngangur

Góður orðaforði er forsenda lesskilnings (Davis, 1944, 1972; Snow, Tabors, Nicholson og Kurland, 1994) og veigamikil undirstaða velgengni í skóla (Baker, Simmons og Kameenui, 1995; Baumann og Kameenui, 1991; Hart og Risley, 2003). Rannsóknir sýna að mikill munur er á stærð orðaforða jafnaldra barna (Baker o.fl., 1995; Hart og Risley, 1995;

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009) og að munurinn hefur tilhneigingu til að aukast með árunum (Baker o.fl., 1995; Hart og Risley, 2003). Rannsóknir hafa enn fremur leitt í ljós að orðaforði barna spáir fyrir um námsgengi þeirra síðar (Hart og Risley, 2003; Read, 2000).

Rannsóknir benda til að nemendur sem eiga annað móðurmál en það sem ríkir í skólasamfélaginu (framvegis kölluð *mál2*) hafi að jafnaði minni orðaforða í tungumáli skólasamfélagsins en hinir (framvegis kölluð *mál1*) strax í upphafi skólagöngu (August, Carlo, Dressler og Snow, 2005; Baker o.fl., 1995; Carlo o.fl., 2004). Auk þess koma þessi börn inn í skólana á ýmsum aldri, sum með enga eða litla kunnáttu í tungumálinu. Móðurmál barnanna er veigamikil undirstaða annarra tungumála en hins vegar er kunnáttu þeirra í tungumáli skólasamfélagsins lykill að velgengni þeirra í námi. Til þessa hafa engar rannsóknir verið gerðar á orðaforða barna með önnur móðurmál en íslensku (framvegis kölluð *ísl2*) í íslenskum skólum. Markmið þessarar rannsóknar er að bæta þar úr og kanna íslenskan orðaforða ísl2 nemenda í fyrstu bekkjum grunnskóla og bera hann saman við niðurstöður nýrrar rannsóknar á orðaforða barna með íslensku að móðurmáli (framvegis kölluð *ísl1*) (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2009). Á grundvelli slíkra upplýsinga er þess vænst að unnt verði að stefna markvisst að því að ísl2 dragist ekki aftur úr ísl1 jafnöldrum sínum á fyrstu skólaárunum.

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að börn eiga auðveldara með að læra tungumál sem eru skyld móðurmáli þeirra (August o.fl., 2005; Holmes og Guerra Ramos, 1995). Því má gera ráð fyrir að börn frá Asíu- eða Afríkulöndum eigi erfiðara með að læra íslensku en börn með indóevrópsk móðurmál, og þurfi að jafnaði meiri stuðning og kennslu.

Til að *mál2* börn nái bestum árangri er að mati fræðimanna nauðsynlegt að beita markvissum aðferðum til að efla orðaforða þeirra (August o.fl., 2005; Baker o.fl., 1995; Nation, 2001). Í íslenskum grunnskólum eiga börn með annað móðurmál en íslensku rétt á stuðningi og sérkennslu í íslensku. Að jafnaði er miðað við um tvær kennslustundir á viku (Reykjavíkurborg, e.d.). Fjöldi ísl2 nemenda er mjög mismunandi í íslenskum grunnskólum og einnig sá fjöldi íslenskutíma sem þeim bjóðast. Ef fleiri en einn slíkur nemandi eru í skólanum er hægt að samkenna og hver nemandi fær því fleiri kennslustundir. Líklegt má telja að kennsluaðferðum sem stuðla markvisst að því að auka íslenskan orðaforða ísl2 nemenda sé frekar beitt í sérstökum íslenskutímum en inni í almennum bekkjum. Í þessari rannsókn er kannað hvort fjöldi kennslustunda í sérstakri íslenskukennslu hafi áhrif á orðaforða nemendanna.

Í stuttu máli var því markmið þessarar rannsóknar að leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er íslenskur orðaforði barna sem eiga annað móðurmál en íslensku í fyrstu bekkjum grunnskóla? Fer hann eftir aldri þeirra og dvalartíma í landinu?
2. Er munur á íslenskum meðalorðaforða nemenda sem eiga íslensku sem móðurmál og barna sem dvalið hafa á Íslandi (svo til) alla ævi en eiga íslensku sem annað tungumál?
3. Er munur á íslenskum meðalorðaforða barna með vestur-evrópsk móðurmál, austur-evrópsk móðurmál og barna sem hafa móðurmál sem töluð eru utan Evrópu.
4. eru tengsl á milli fjölda kennslustunda á viku í sérstakri íslenskukennslu og orðaforða nemenda?

Aðferð

Þátttakendur

Alls tóku 23 skólar þátt í rannsókninni. Skólar voru valdir af handahófi á höfuðborgar-svæðinu. Einnig var haft samband við alla grunnskóla á Akureyri og þá grunnskóla sem liggja við þjóðveginn til Akureyrar.

Send voru leyfisbréf til foreldra 221 barns. Börnin eru fædd á árunum 1999–2002 og voru í fyrsta, öðrum, þriðja og fjórða bekk grunnskóla veturinn 2008–2009. Börnin eiga öll annað móðurmál en íslensku og báða foreldra og/eða fósturforeldra með annað móðurmál en íslensku. Leyfisbréfin voru send á 13 tungumálum. Sampykki fékkst frá foreldrum 185 barna en unnið var úr niðurstöðum prófa 173 barna. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (Ásta M. Urbancic, munnleg heimild, 28. október 2009) voru 605 börn skráð árið 2008 í þessum aldurshópi með annað móðurmál en íslensku og hvorugt foreldri skráð með íslensku sem móðurmál. 173 börn reiknast u.þ.b. 29% af þeim fjölda.

Börnunum var skipt upp eftir bekkjum sem þau tilheyrðu veturinn 2008–2009. Dvalartíma var skipt upp í heil ár og miðaðist við dagsetningu prófs. Upplýsingar um fjölda tíma á viku í sérstakri íslenskukennslu fengust fyrir 162 nemendur. Tímarnir reiknast þannig að fjöldi tíma á viku hvern vetur eru lagðir saman og síðan er deilt með fjölda ára.

Ísl1 nemendur

Í samanburði á íslenskum orðaforða ísl2 og ísl1 nemenda var stuðst við niðurstöður rannsóknar Hrafnhildar Ragnarsdóttur o.fl. (2009). Þátttakendur í fyrsta hluta rannsóknar þeirra (þeim hluta sem hér er miðað við) voru 111 leikskólabörn og 111 grunnskólabörn, sem öll eiga íslensku að móðurmáli.

Mælitæki

Orðaforði var prófaður með orðskilningsprófi, sem verið er að þróa innan rannsóknarinnar Þroski leik- og grunnskólabarna: sjálfstjórn, málþroski og læsi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2009) og er sem stendur ætlað fjöggra til átta ára íslenskum börnum með íslensku sem móðurmál. Prófið er byggt á bandaríska orðaforðaprófinu PPVT-4 (Dunn og Dunn, 2007), en það hefur verið mest notað af öllum enskum orðaforðaprófum (Snow og Hemel, 2008). Réttmæti PPVT-4 og áreiðanleiki hafa verið metin með enskumælandi börnum (Dunn og Dunn, 2007). Áreiðanleiki íslenska prófsins hefur verið kannaður fyrir íslensku börnin og reyndist vera góður (hellingunaráreiðanleiki 0,98 og alfa á bilinu 0,93 til 0,97). Fylgni prófsins við aðrar mælingar á málþroska renndi stöðum undir hugtakaréttmæti þess (fylgni við hlustunarskilning, $r = 0.43$; við þátíðarpróf $r = 0.34$).

Framkvæmd

Gagnasöfnun fór fram í maí–júní og ágúst–september 2009. Framkvæmd orðaforðaprófsins fór að öllu leyti eins fram og í rannsókn Hrafnhildar o.fl. (2009). Prófið var lagt fyrir eitt barn í einu í sérrými á skólatíma. Lögð var áhersla á að gera þátttökuna ánægjulega fyrir barnið og trufla skólastarf sem minnst.

Tölfræðileg úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var nafnleynd tryggð með því að nota rannsóknarnúmer þátttakenda.

Auk lýsandi tölfræði (meðaltöl, staðalfrávik og fylgni á milli breyta) var dreifigreining (e. ANOVA, *analysis of variance*) notuð til að kanna áhrif aldurs, dvalartíma, móðurmáls og fjölda tíma á viku í sérstakri íslenskukennslu á stigafjölda á orðaforðaprófinu. Þannig var hægt að skoða áhrif hvers frumbreytu fyrir sig án áhrifa hinna frumbreytanna með tilliti til

hinna breytanna og einnig hvort samvirkni var á milli frumbreyta. Post hoc próf, *Bonferroni*, voru notuð til að kanna hvort munur á milli hópa var marktækur.

Miðað var við marktækni $p \leq 0,05$.

Niðurstöður

Áhrif aldurs og dvalartíma á stigafjölda þátttakenda

Bæði aldur og dvalartími höfðu mikil áhrif á stigafjölda þátttakenda á orðaforðaprófinu en jafnframt kom í ljós að dvalartími hafði tilhneigingu til þess að haldast í hendur við aldur barnanna. Tengsl dvalartíma og aldurs voru marktæk ($F(3, 169) = 9,199; p < 0,01$). Samkvæmt niðurstöðum Post hoc prófa voru nemendur sem höfðu búið átta til tíu ár á landinu marktækt eldri en þeir sem höfðu dvalið hér í styttri tíma ($p < 0,01$), en munur á aldri hinna hópanna var ekki marktækur ($p > 0,05$).

Dreifigreining leiddi í ljós að megináhrif aldurs voru marktæk þegar áhrifum dvalartíma var haldið stöðugum ($F(3, 158) = 11,400; p < 0,001$). Post hoc samanburður sýndi að meðalstigafjöldi þátttakenda í fyrsta bekk var marktækt lægri en meðalstigafjöldi í öðrum, þriðja og fjórða bekk ($p < 0,001$), en ekki mældist marktækur munur á orðaforða í öðrum, þriðja og fjórða bekk ($p > 0,05$).

Megináhrif dvalartíma voru marktæk ($F(3, 158) = 56,845; p < 0,001$). Post hoc samanburður leiddi í ljós að meðalstigafjöldi þátttakenda með dvalartíma núll til eitt ár var marktækt lægri en meðalstigafjöldi þátttakenda sem höfðu dvalið hér lengur ($p < 0,001$), og meðalstigafjöldi þátttakenda með átta til tíu ára dvalartíma var marktækt hærra en þeirra sem höfðu styttri dvalartíma ($p < 0,001$). Ekki mældist marktækur munur á meðalstigafjölda þátttakenda með dvalartíma frá tveimur árum til sjö ára ($p > 0,05$).


Munur á orðaforða ísl1 og ísl2 nemenda

Þeim ísl2 börnum sem voru fædd á Íslandi eða höfðu komið til landsins tveggja ára eða yngri ($N = 60$) var slegið saman í einn hóp að aflokinni dreifigreiningu sem sýndi að ekki var marktækur munur á stigafjölda þeirra fyrrnefndu ($N = 47, M = 88,96$), og þeirra sem höfðu komið til landsins eins til tveggja ára gömul ($N = 13, M = 102,92$), ($F(2, 57) = 2,024; p = 0,142$). Þessi hópur er framvegis auðkenndur sem *ísl2<2ár*. Dreifigreining sýndi að marktækur munur var á stigafjölda þessara ísl2 þátttakenda eftir aldri ($F(3,56) = 13,796; p < 0,001$). Ísl2<2ár börnin í fyrsta bekk skáru sig marktækt frá börnum í öllum hinum bekkjunum ($p < 0,05$) en munur á orðaforða barna í öðrum, þriðja og fjórða bekk var ekki marktækur ($p > 0,05$). Því var ísl2<2ár nemendum skipt í tvo hópa: Fyrstu bekk- inga annars vegar og annars, þriðju og fjórðu bekk- inga hins vegar.

Tafla 1 Meðalstigafjöldi ísl1 og ísl2<2ár nemenda eftir aldri					
Hópar	Fjöldi þátttakenda	Lægsta skor	Hæsta skor	Meðaltal	Staðalfrávik
ísl1 4ra ára	108	35	126	87,41	19,6
ísl1 6 ára	110	41	151	119,93	17,2
ísl2<2ár 6 ára	20	23	107	67,9	22,4
ísl2<2ár 7–9 ára	40	41	152	104,03	23,1

Tafla 1 sýnir meðalstigafjölda ísl1 og ísl2<2ár nemenda eftir aldri samkvæmt framan- greindri aldursskiptingu. Þar má sjá að ísl2<2ár nemendur í fyrsta bekk voru með mun lægri meðalstigafjölda en ísl1 jafnaldrar þeirra. Ísl2<2ár nemandinn í fyrsta bekk sem skoraði hæst var með stigafjölda sem var undir meðalstigafjölda ísl1 jafnaldra. Ísl2<2ár nemendur í öðrum, þriðja og fjórða bekk voru með lægri meðalstigafjölda en ísl1 nemendur í fyrsta bekk. Ísl2<2ár nemandinn í hópi annars, þriðja og fjórðu bekkinga sem skoraði hæst skoraði u.p.b. jafnhátt og ísl1 nemandinn í fyrsta bekk sem skoraði hæst.

Dreifigreining sýndi marktækan mun á meðalstigafjölda hópanna ($F(3,274) = 72,401$; $p < 0,001$). Post hoc próf staðfestu að marktækur munur var á milli þeirra allra ($p < 0,001$).



Mynd 1 – Meðalstigafjöldi ísl1 og ísl2<2ár nemenda eftir aldri.

Á Mynd 1 má sjá meðalstigafjölda ísl1 og ísl2<2ár barnanna eftir aldri í myndrænu formi. Meðalstigafjöldi ísl2<2ár barnanna jókst greinilega mest á milli sex og sjö ára aldurs en varð síðan minni á milli sjö og átta ára aldurs og enn minni á milli átta og níu ára aldurs.

Áhrif móðurmáls á stigafjölda þátttakenda

Móðurmálum ísl2 hópsins var skipt í þrjá flokka: vestur-evrópsk ($N = 16$) austur-evrópsk ($N = 117$) og önnur móðurmál (asísk og afrísk) ($N = 40$). Vegna þess hve fáir þátttakendur voru með v-evrópsk móðurmál náði tölfræðilegur samanburður aðeins til hinna tveggja.

Dreifigreining leiddi í ljós að áhrif móðurmáls á stigafjölda voru ekki marktæk ein sér, ($F(1, 155) = 0,013$; $p = 0,909$). Samanburðurinn var rétt undir marktæknimörkum þegar tekið var tillit til aldurs og dvalartíma ($F(1, 130)$; $p = 0,061$).

Tafla 2 Meðalstigafjöldi ísl2<2ár þátttakenda eftir móðurmáli					
Móðurmál	Fjöldi þátttakenda	Lægsta skor	Hæsta skor	Meðaltal	Staðalfrávik
Vestur-evrópsk	2	111	114	112,5	2,1
Austur-evrópsk	35	43	152	102,34	23,7
Önnur mál	23	23	114	74,43	27,4

Næst var kannað hvort móðurmál hefði áhrif á stigafjölda ísl2<2ár barnanna. *Tafla 2* sýnir meðalstigafjölda þessara málahópa.

Aðeins tveir þátttakendur í þessum hópi voru með vestur-evrópsk móðurmál og því náði dreifigreiningin aðeins til barna með austur-evrópsk móðurmál ($N = 35$) og önnur móðurmál en evrópsk ($N = 23$). Meðalstigafjöldi ísl2<2ár barna með austur-evrópsk móðurmál var marktækt hærri en meðalstigafjöldi ísl2<2ár barna með önnur móðurmál en evrópsk þegar tekið var tillit til aldurs og dvalartíma ($F(1,45) = 15,764$; $p < 0,001$).

Áhrif fjölda kennslustunda á viku í sérstakri íslenskukennslu á stigafjölda þátttakenda

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu ekki skýr tengsl á milli fjölda kennslustunda á viku í sérstakri íslenskukennslu og orðaforða nemenda.

Þegar tekið var tillit til aldurs og dvalartíma leiddi dreifigreining í ljós marktæk áhrif fjölda kennslustunda á orðaforðastig ($F(4, 104) = 2,803$; $p < 0,05$). Post hoc próf sýndu að ekki var marktækur munur á stigafjölda þeirra sem ekki höfðu fengið neina tíma og þeirra sem höfðu fengið einn tíma á viku að meðaltali ($p = 1,000$). Ekki mældist heldur marktækur munur á stigafjölda þeirra sem höfðu fengið tvo tíma og hinna sem höfðu fengið fleiri tíma að meðaltali ($p > 0,05$). Hins vegar var stigafjöldi þeirra sem höfðu fengið engan eða einn tíma á viku marktækt hærri en þeirra sem höfðu fengið tvo tíma og fleiri að meðaltali á viku ($p < 0,05$).

Umræður

Dvalartími reynist vera sú breyta sem mest áhrif hefur á stigafjölda þátttakenda. Orðaforði eykst með auknum tíma sem varið er í viðkomandi málafélagsi. Niðurstöður styðja þá kenningu að því yngri sem börn eru þegar þau koma til landsins því betra, því þau hafi meiri tíma en þau börn sem koma eldri til landsins, lengri tími meira ílag, því yngri því betra (Krashen, Long og Scarcella, 1979).

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að íslenskur orðaforði ísl2 nemenda aukist með aldri. Með hækkandi aldri auka nemendur smám saman þekkingu sína og færni í þeim tungumálum sem þeir heyra, lesa, tala og skrifa í daglegu lífi og í skólanum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að aukning almennrar málakunnáttu í móðurmáli og öðrum tungumálum skilar sér í aukningu orðaforða (Anderson og Freebody, 1985).

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu hins vegar í ljós að fjölgun stiga á orðaforðaprófinu milli annars, þriðja og fjórða bekkjar hjá börnum með dvalartíma frá tveimur árum upp í sjö ár var svo hægur að svo virðist sem íslenskur orðaforði ísl2 barna á þessum aldri staðni í stað þess að vaxa eins og hann þyrfti að gera til að þjóna sem undirstaða les-skilnings. Þannig kom í ljós að ísl2<2ár börn í fyrsta til fjórða bekk grunnskóla voru með

mun minni íslenskan orðaforða en ísl1 börn í fyrsta bekk. Þessar niðurstöður rannsóknarinnar styðja niðurstöður erlendra rannsókna sem sýnt hafa að mál2 börn hafa að jafnaði minni orðaforða í tungumáli skólasamfélagsins en hin (August o.fl., 2005; Baker o.fl., 1995; National Center for Education Statistics, 2007; Pearson, Hiebert og Kamil, 2007), og að þau börn sem hafa lítinn orðaforða bæti hægar við orðaforða sinn en hin sem hafa mikinn orðaforða (Hart og Risley, 2003).

Þessar niðurstöður koma í raun ekki á óvart. Ísl2<2ár börnin eiga öll foreldra og/eða fósturforeldra sem báðir eiga annað móðurmál en íslensku. Þau hafa lífað í fleiri en einu mál-samfélagi, skipt tíma sínum á tvö og jafnvel fleiri tungumál. Það er eðlilegt að orðaforði þeirra dreifist á þau tungumál, og jafnframt sé hætta á að hann sé minni í hverju tungumáli um sig en orðaforði barna sem aðeins tala eitt tungumál. Vegna þess að lítill orðaforði er veigamikil ástæða þess að mál2 nemendur eiga oft í erfiðleikum með nám (RAND Reading Study Group, 2002) er mikilvægt að líta til niðurstaðna rannsókna sem hafa sýnt fram á að með markvissum kennsluáferðum er hægt að koma til móts við börnin og gefa þeim nauðsynlegan stuðning. Þegar vel tekst til geta tvítyngd börn orðið betri námsmenn en þau eintyngdu því tungumálakunnátta er, eins og hver önnur bakgrunnsþekking, mikilvæg undirstaða alls náms; því meiri þekking, því sterkari stoð. Það að hafa á valdi sínu fleiri en eitt tungumál er dýrmætur þekkingarbrunnur og því verðugt markmið.

Áhrif móðurmáls komu fram hjá þátttakendum sem höfðu fæðst hér eða komið fyrir tveggja ára aldur til landsins. Hugsanlega stafar það af því að gólfáhrifa hafi gætt í rannsókninni. Prófið hefur ekki gefið nógu nákvæma mynd af orðaforða þeirra nemenda sem hafa minnstan orðaforða og það kann að hafa haft áhrif á niðurstöður þegar áhrif móðurmáls á stigafjölda alls hópsins voru könnuð en þau reyndust rétt undir marktækniörkum. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur eiga auðveldara með að læra tungumál sem líkjast móðurmáli þeirra (August o.fl., 2005; Holmes og Guerra Ramos, 1995). Íslenska á sennilega meira sameiginlegt með tungumálum sem töluð eru í Evrópu en með þeim tungumálum sem töluð eru annars staðar í heiminum, svo sem Asíu og Afríku, og hluti niðurstaðna rannsóknarinnar eru því í samhljómi við þær rannsóknir.

Þar sem munur á milli tungumálalópa kom fram hjá þeim nemendum sem hafa lengstan dvalartíma bendir það til að fylgjast þurfi stöðugt með framförum nemenda öll árin í grunnskóla og sérstaklega með börnum sem koma frá löndum sem eru utan Evrópu, og gefa þeim börnum stuðning sem á þurfa að halda.

Fleiri kennslustundir í sérstakri íslenskukennslu leiða ekki til meiri orðaforðaaukningar nemenda samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Þessi hluti rannsóknarinnar skilur í raun eftir fleiri spurningar en svör. Hugsanlega fá þeir nemendur flesta tíma sem þurfa flesta tíma, t.d. nemendur með sérþarfir. Mikilvægt er að tungumálið sem talað er inni í kennslustundum í íslensku sem öðru tungumáli sé ekki of einfalt, því þá læra nemendur ekki fleiri orð þar en á meðan þeir dvelja inni í bekk á meðal ísl1 barna.

Rannsókn sú sem hér hefur verið lýst hefur bæði styrkleika og veikleika. Þegar prófaður er svo afmarkaður þáttur sem þessi rannsókn byggist á, viðtökuorðaforði, er hugtakaréttmæti nokkuð tryggt (Dunn og Dunn, 2007). Styrkleiki rannsóknarinnar felst enn fremur í því að niðurstöður hennar eru að miklu leyti tölfræðilega marktækar.

Fjöldi þátttakenda í rannsókninni er í senn styrkleiki hennar og veikleiki. Hann er styrkleiki vegna þess að í úrtakinu er nær þriðjungur af þýðinu og þátttakendur koma úr 23 skólum víðs vegar um landið. En fjöldi þátttakenda er einnig veikleiki rannsóknarinnar. Niðurstöður byggjast á prófum 173 barna sem dreifast á fjögur aldursár með dvalartíma frá fjórum mánuðum til tíu ára. Þess vegna eru fá börn sem falla undir hvern aldursflokk og hvern

dvalartíma. Í niðurstöðum er því stundum verið að fjalla um fáa einstaklinga. Á móti kemur að oft var hægt að hópa nemendur saman í stærri hópa með hjálp Post hoc prófa.

Orðaforðaprófið sem notað var í rannsókninni hefur verið forprófað á börnum sem eiga íslensku að móðurmáli. Ekki hefur verið þróað orðaforðapróf fyrir börn sem hafa íslensku sem annað tungumál með forprófum á slíkum börnum. Því ber að taka niðurstöður rannsóknarinnar með þeim fyrirvara.

Þar sem ekki mældist munur á stigafjölda þátttakenda sem höfðu dvalið frá fjórum mánuðum til 23 mánaða á landinu bendir það til að gólfáhrifa hafi gætt í niðurstöðum. Taka ber niðurstöður rannsóknarinnar með þeim fyrirvara.

Þess var vænst að rannsóknin yrði framlag til stefnumótunar í kennslu íslensku sem annars tungumáls og að hún leiddi til þess að nám og kennsla í íslensku sem öðru tungumáli yrði markvissari og veitti nemendum undirstöðu sem þarf fyrir áframhaldandi nám og störf í íslensku samfélagi. Tileinkun annars tungumáls er flókið ferli sem verður fyrir áhrifum af mörgum þáttum. Auk dvalartíma, aldurs og móðurmáls hafa sjálfsmynd, þjóðfélagsstaða, menntunarstig foreldra og fleiri breytur áhrif. Því þarf stefna í kennslu barna sem hafa annað móðurmál en íslensku að fela í sér margvíslegar áherslur, koma þarf til móts við börn með fjölbreytilegan bakgrunn og gefa þeim börnum stuðning sem á þurfa að halda. Markvissar náms- og kennsluáferðir sem miða að því að auðga íslenskan orðaforða ísl2 barna geta án efa gegnt þar veigamiklu hlutverki (Sigríður Ólafsdóttir, 2010, bls. 41–44).

Heimildir

Anderson, R. C. og Freebody, P. (1985). Vocabulary knowledge. Í H. S. og R. B. Ruddell (ritstjórar), *Theoretical models and processes of reading* (3. útgáfa, bls. 343–371). Newark, DE.: International Reading Association.

August, D., Carlo, M., Dressler, C. og Snow, C. (2005). The critical role of vocabulary development for English language learners. *Learning Disabilities Research and Practice*, 20(1): 50–57.

Ásta M. Urbancic. (2009). Hagstofa Íslands. [Tölvupóstur], 28. október. Reykjavík.

Baker, S. K., Simmons, D. C. og Kameenui, E. J. (1995). *Vocabulary acquisition: Synthesis of the research*. Washington. National Center to Improve the Tools of Educators, College of Education, University of Oregon; U.S. Dept. of Education, Office of Educational Research and Improvement, Educational Resources Information Center, Eugene, OR.

Baumann, J. F. og Kameenui, E. J. (1991). Research on vocabulary instruction: Ode to Voltaire. Í J. Flood, J. J. D. Lapp og J. R. Squire (ritstjórar), *Handbook of research on teaching the English language arts* (bls. 604–632). New York: MacMillan.

Carlo, M. S., August, D., McLaughlin, B., Snow, C. E., Dressler, C., Lippman, D. N. o.fl. (2004). Closing the gap: Addressing the vocabulary needs of English-language learners in bilingual and mainstream classrooms. *Reading Research Quarterly*, 39(2): 188–215.

Davis, F. B. (1944). Fundamental factors of comprehension in reading. *Psychometrika*, 9, 185–197.

Davis, F. B. (1972). Research on comprehension in reading. *Reading Research Quarterly*, 7, 628–678.

- Dunn, L. M. og Dunn, D. M. (2007). *Peabody picture vocabulary test* (4. útgáfa). Minneapolis: Pearson.
- Hart, B. og Risley, T. R. (1995). *Meaningful differences in the everyday experience of young American children*. Baltimore: Paul H. Brookes.
- Hart, B. og Risley, T. R. (2003). The early catastrophe the 30 million word gap by age 3. *American Educator, Spring, 4–9*.
- Holmes, J. og Guerra Ramos, R. (1995). False friends and reckless guessers: Observing cognate recognition strategies. Í M. H. T. Huskin og J. Coady (ritstjórar), *Second language reading and vocabulary learning*. Norwood: Ablex Publishing Corporation.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2009). Málproski, sjálfsstjórn og læsi fjögurra og sex ára barna: Kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöður. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 645–659). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Krashen, S. D., Long, M. og Scarcella, R. (1979). Age, rate and eventual attainment in second language acquisition. *TESOL Quarterly, 13*, 573–582.
- Nation, I. S. P. (2001). *Learning vocabulary in another language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- National Center for Education Statistics. (2007). *Reading Report Card*. Washington. Sótt 29. október 2010 af http://nationsreportcard.gov/reading_2007/r0009.asp
- Pearson, P. D., Hiebert, E. H. og Kamil, M. L. (2007). Vocabulary assessment: What we know and what we need to learn. *Reading Research Quarterly, 42*(2), 282–297.
- Rand reading study group. (2002). *Reading for understanding: Toward and R&D program in reading comprehension*. Santa Monica, CA: RAND.
- Read, J. (2000). *Assessing vocabulary*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Reykjavíkurborg. (e.d.) *Nýir Íslendingar*. Sótt 28. október 2010 af http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3809/6353_view-2275/
- Sattler, J. M. (2001). *Assessment of children: cognitive applications* (4. útgáfa). San Diego: Jerome M. Sattler, Publisher, Inc.
- Sigríður Ólafsdóttir. (2010). *Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Snow, C. og Hemel, S., B, Van. (2008). *Early childhood assessment: why, what and how*. Washington: National Academies Press
- Snow, C., Tabors, P. O., Nicholson, P. A. og Kurland, B. F. (1994). SHELL: Oral language and early literacy skills in kindergarten and first-grade children. *Journal of Research in Childhood Education, 10*(1): 37–48.



Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2010).
Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/023.pdf>